



Grundarfjarðarbær

Vinnuskóli sumarið 2025

Reglur og starfskjör

Vinnuskóli fyrir nemendur 7, 8., 9. og 10. Bekkjar í 5-6 vikur.

Vinnuskóli Grundarfjarðarbæjar verður starfræktur sumarið 2025 frá 10. júní til 17. júlí, í tæpar sex vikur fyrir 7, 8., 9. og 10. bekk grunnskólans. Vinnutími er 6 tímar á dag á virkum dögum, nema á föstudögum, þá er unnið í 5 tíma.

Vinnuskólinn er eingöngu ætlaður börnum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða eiga foreldri með lögheimili í sveitarfélaginu.

Vinnuskólinn er sambland af námi og starfi, fræðslu og hvatningu. Vinnuskólinn er fyrsti vinnustaður mjög margra. Þau læra grunnatriði við almenna vinnu, stundvísi, að vinna með öðrum og meðferð og frágang áhalda og tækja. Við leitumst sérstaklega við að vanda fræðslu, efla frumkvæði nemenda og áhuga þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi og að fagna góðu verki.

Þau sem taka þátt í allri dagskrá vinnuskólans fá greidd laun fyrir fræðsludaga. Í lokin verður síðan skemmtilegt lokahóf.

Allir nemendur Vinnuskóla Grundarfjarðarbæjar fá umsögn um frammistöðu sína að sumarstarfi loknu. Atriði sem skipta máli í matinu eru: frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, stundvísi, tillitssemi og samvinna, hæfni til að taka fyrirmælum, vandvirkni, afköst og meðferð verkfæra.

Vinnureglurnar okkar:

- *Við mætum stundvíslega til vinnu; á réttum tíma, á réttum stað.*
- *Við fylgjum leiðbeiningum og fyrirmælum umsjónarmanns og leiðbeinenda vinnuskólans.*
- *Við sýnum samstarfsfólki okkar tillitssemi og kurteisi.*
- *Við notum ekki gsm-síma á vinnutíma.*
- *Ef við þurfum leyfi þarf það að berast umsjónarmanni vinnuskólans með nægum fyrirvara.*
- *Ef veikindi verða þurfa foreldrar eða forráðamenn að tilkynna þau til umsjónarmanns vinnuskólans eða með tölvupósti á netfangið vinnuskoli@gfb.is í fyrir kl. 08:30 á veikindadegi.*
- *Við förum vel með verkfæri og eigur bæjarins, og virðum eigur annarra.*
- *Við leggjum sjálf til vinnufatnað og komum til vinnu klædd m.t.t. verkefna og veðurs.*
- *Við höfum ávallt með okkur nesti – förum ekki heim í kaffitíma.*

Auk þess gildir eftirfarandi:

- Dregið er af launum ef mætt er of seint til vinnu.
- Greidd eru laun fyrir fræðsludag ef tekið er þátt í allri dagskrá vinnuskólans.
- Brot á starfsreglum getur þýtt brottvísun, að undangenginni áminningu.



Grundarfjarðarbær

- Umsjónarmaður vinnuskólans veitir áminningar og getur vikið nemendum úr starfi.
- Ítrekuð brot varða brottrekstri úr skólanum.
- Vinnuskólinn er vímuefnalaus vinnustaður – einnig í kaffitímum og á leið til og frá vinnu.

Starfskjör:

Unglingar fæddir 2010 eða síðar eru undanþegnir staðgreiðslu skatta.

Unglingar fæddir 2009 þurfa að skila skattkorti og greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.

Framlag reiknast frá næstu mánaðamótum eftir 16 ára afmælisdag.

Unglingar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

Laun með orlofsgreiðslu:

Nemendur í 7. bekk (fæddir 2011) fá 1.329 kr. á tímann.

Nemendur í 8. bekk (fæddir 2010) fá 1.476 kr. á tímann.

Nemendur í 9. bekk (fæddir 2009) fá 1.771 kr. á tímann.

Nemendur í 10. bekk (fæddir 2008) fá 2.067 kr. á tímann.

Útgreiðsla launa fer fram 1. júlí og 1. ágúst 2025.

Orlofsgreiðsla er innifalin í tímlaunum.